Fullgild rafræn undirskrift
KARL EÐVALDSSON
Kennitala: 150979-3079
2026-10-22 08:59:27 GMT
Ástæða: Undirskrift

Reykjavíkurborg

Reykjavík, 12. október 2026
USK26100182

Innkaupa- og framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar

Útboð nr. 16346 – Vetrarþjónusta göngu- og hjólaleiða í Reykjavík 2026-2027. Útboðshluti 2.

Þann 8.október síðastliðinn voru opnuð tilboð í EES útboð nr. 16346 „Vetrarþjónusta göngu- og hjólaleiða Reykjavík 2026-2027. Útboðshluti 2“. Alls bárust tilboð frá þremur aðilum.

Útboðshluti 2. Viðverutæki í vetrarþjónustu á göngu- og hjólaleiðum, þjónustuflokkar 1-3

Colas Íslandi	1 tæki	kr.	12.400.000	stk
Garðlist ehf.	11 tæki	kr.	9.106.500	stk
Garðaþjónusta Reykjavíkur ehf.	2 tæki	kr.	11.075.000	stk

Útboðshluti 2 óskar eftir tilboðum í svokölluð viðverutæki, sem alltaf skulu vera til taks með að hámarki 60 mínútna útkallstíma, en samtals var óskað eftir 11 slíkum tækjum í þessu útboði og á tilboðsverð við um eitt mannað viðverutæki með búnaði yfir tímabil sem spannar vikur 46-13 á árunum 2026-2027.

Kostnaðaráætlun vegna útboðshluta 2 var kr.10.900.000,- fyrir hvert viðverutæki í einn vetur og því hljóðar heildar kostnaðaráætlun fyrir útboðshluta 2 upp á kr.119.900.000,-.

Garðlist ehf. var lægstbjóðandi og bauð 11 tæki í viðveru. Skoðun og yfirferð gagna staðfestu að Garðlist ehf. stenst kröfur útboðsgagna og er því lagt til að tilboði verði tekið í ellefu tæki á kr.9.106.500,- stk. (83,55% af kostnaðaráætlun). Lægstbjóðandi stóðst skoðun á fjárhag. Lagt er til að samið verði við Garðlist ehf., enda í samræmi við skilmála útboðsgagna.

Heildarkostnaður samþykktra tilboða í útboðshluta 2 er sem hér segir:

- Garðlist ehf.

o 11 tæki á kr.9.106.500,- hvert tæki.
o Samtals tilboð: kr.100.171.500,-

Heildarkostnaður vegna samþykktra tilboða í útboðshluta 2 er þá samanlagt kr.100.171.500,- (83,55% af heildar kostnaðaráætlun vegna útboðshluta 2).

Heimilt er að framlengja samning um alls þrjú ár, eitt ár í senn.
Virði samnings með framlengingu til alls fjögurra ára er þá kr.400.686.000,-

Virðingarfyllst,

Karl Eðvaldsson,
skrifstofustjóri skrifstofu borgarlandsins

Reykjavíkurborg

Hjálagt:

- Fundargerð opnunar

Árið 2026, þann 8. október kl. 10:00 voru tilboð opnuð í Borgartúni 12-14, Reykjavík, í EES samkeppnisútboði umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar nr. 16346 „Vetrarþjónusta göngu- og hjólaleiða í Reykjavík 2026 - 2027. Útboðshluti 2".
Tilboð opnaði og fundargerð ritaði Eva Björk Hickey.
Á tilboðsfresti voru birtir tveir viðaukar.

	Tilboð bárust frá eftirtöldum aðilum:
1	Colas Íslandi
2	Garðlist ehf.
3	Garðaþjónusta Reykjavíkur ehf.

Fleiri tilboð bárust ekki.
Opnun tilboða lokið kl. 10:09